Notkunarleiðbeiningar

**Funk-eining fyrir Reykskynjaraeining/VdS**
1143 00

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Rafræn uppsetningarkerfi
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 21 95 - 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 - 602 - 339
www.gira.com
info@gira.de

GIRA

## Lýsing á virkni

Funk-eining fyrir þráðlausa samtengingu reykskynjara modular/VdS. Ef einn reykskynjari greinir reyk þá senda allir reykskynjarar sem eru samtengdir honum frá sér viðvörunarmerki. Innan sendisviðsins (150 m frjálst svið) er hægt að koma fyrir að hámarki 10 funk-einingum.
Funk-einingin verður stungið í tengistað reykskynjaraeiningarinnar/VdS. Þar sem tengiklemmur reykskynjarans eru virkar eftir að einingunni hefur verið komið fyrir, er hægt að setja upp þráðtengdar leiðslur, sem síðan er hægt að tengja á fjarskiptan hátt. Fyrir það verður settur upp funk-eining fyrir hverja reykskynjaraleiðslu.
Samtals er hægt að tengja saman 10 reykskynjara. Þar að auki er hægt að láta móttakara funkbus-kerfisins t.d. að kveikja ljósin eða rúlla upp strimlagluggatjöldum í hættutilfelli.
Með funk-hand- eða veggsendi er hægt að gera staðbundna reykskynjara hljóðlausa.

## Lýsing á búnaði




**Efri hlið**
1 Forritunar-ljósdíóða
2 Forritunarhnappur




**Neðri hlið**
3 Loftnetshýsing
4 Tengill

> **Ekki má setja funk-eininguna í þegar rafhlaðan er tengd**
>
> Ekki má setja funk-eininguna í reykskynjarann þegar rafhlaðan er tengd við hann.

## Ísetning funk-einingarinnar

> **Ekki má setja funk-eininguna í þegar rafhlaðan er tengd**
>
> Ekki má setja funk-eininguna í reykskynjarann þegar rafhlaðan er tengd við hann.

Setjið funk-eininguna í á eftirfarandi hátt:

1. Takið reykskynjarann modular/VdS úr sökkli með því að snúa rangsælis og fjarlægið rafhlöðuna.
2. Fjarlægið klemmuna (í gráum lit á myndinni) með því að lyfta henni úr með viðeigandi verkfæri (t.d. með skrúfjárni).



3. Setjið funk-eininguna í viðeigandi rauf þangað til hún festist.
4. Festið rafhlöðuna við og setjið reykskynjarann í söklinum og festið hann með því að snúa honum mjúklega réttsælis.



> **Ein funk-eining á hverja reykskynjaraleiðslu**
>
> Þegar reykskynjaraleiðslur eru vírtengdar má aðeins nota eina funk-einingu á hverja leiðslu. Annars munu báðar funk-einingarnar senda viðvörunarmerki og trufla hvort annað þegar viðvörunartilfelli koma upp á.

## Stilling funk-sendara og móttakara

Til þess að funk-sendari og funk-móttakari geta verið í sambandi verða þeir að verða samstilltir.
Í forritunarvalmyndinni er viðkvæmni funk-móttakarans minnkuð. Samkvæmt því ætti bilið milli sendisins og móttakarans að vera stillt á milli 0,5 m og 5 m.
Í forritunarvalmyndinni er hljóðstyrkur merkigjafa reykskynjarans minnkað.

> **Ráð**
>
> Ekki má setja funk-eininguna í reykskynjarann þegar rafhlaðan er tengd við hann.

3 stillingar eru í boði:

**Stilling funk-eininga þeirra á meðal**
Ef einn reykskynjari greinir reyk þá senda allir reykskynjarar sem eru samtengdir honum frá sér viðvörunarmerki.

**Stilling funk-einingar í funk-móttakara**
Viðvörunarboð funk-einingarinnar er notað til þess að virkja funk-móttakarann.

**Stilling funk-sendis í funk-einingu**
Til þess að gera staðbundna reykviðvörun hljóðlausa í u.þ.b. 10 mínútur. Það er hægt að tengja upp að 14 funk-senda.

> **Að gera reykskynjara hljóðlausan**
>
> Til þess að gera staðbundinn reykskynjara hljóðlausum er það nauðsynlegt eftir atvikum að þrýsta á sendihnappinn margfalt eða í lengri tíma.

## Stilling funk-eininga þeirra á meðal

Fyrir stillinguna þarf að koma funk-einingunum fyrir í reykskynjurunum og tengja þar rafhlöður reykskynjaranna.
Stillið eftir það funk-einingarnar þeirra á meðal:

1. Ræsið forritunarvalmyndina á öllum funk-einingunum sem á að samstilla með því að þrýsta á forritunarhnapp funk-einingarinnar í u.þ.b. 4 sek. Virka forritunarvalmyndin verður sýnd með því að forritunar-ljósdíóða (1 Hz) við funk-eininguna blikkar.
2. Þrýstið á prófunarhnappinn á einhverjum reykskynjaranna sem er með funk-einingu þar til forritunarljósdíóða lýsir á öllum þeirra.
3. Það slokknar sjálfkrafa á forritunarvalmyndinni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

## Að stilla funk-einingu margra reykskynjara eftir á

Ef auka á við samtengda reykskynjarahópa eða ef fleiri funk-einingar geta ekki allar verið samstilltar við fyrstu samstillinguna, er hægt að samstilla hóp sem er til eftir á:

1. Ræsið forritunarvalmyndina á öllum funk-einingunum sem á að samstilla eftir á með því að þrýsta á forritunarhnapp fjarskiptaeiningarinnar í u.þ.b. 4 sek. Eftir það blikkar (1 Hz) forritunar-ljósdíóðan í u.þ.b. 1 mín.
2. Ræsið forritunarvalmyndina á einni funk-einingunni sem þegar tilheyrir hópnum.
3. Þrýstið á prófunarhnappinn á einhverjum reykskynjaranna sem þegar var hluti af hópnum þar til forritunar-ljósdíóða lýsir á öllum funk-einingunum.
4. Það slokknar sjálfkrafa á forritunarvalmyndinni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir að þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

## Samtenging funk-einingar við funk-móttakara

Hægt er að ræsa funk-móttakara með viðvörunarboði reykskynjarans. Þetta er t.d. hægt að nýta til þess að slökkva kveikja ljósin og rúlla upp strimlagluggatjöldum.

Viðvörunarboð funk-einingarinnar leiðir til eftirfarandi, fyrirfram ákveðnum viðbragða funk-móttakaranna:

- Rofahreyfar: Kveikja á
- Hreyfiliði dimmis: Kveikja á minnis-gildi
- Hreyfiliðar strimlagardína: Skipun um að rúlla upp

Svona verður funk-móttakari samstilltur funk-einingu:

1. Stillið funk-móttakarann í forritunarvalmyndinni (sjáið notkunarleiðbeiningar funk-móttakarans).
2. Ræsið forritunarvalmynd funk-einingarinnar reykskynjarans með því á þrýsta á forritunarhnappinn í u.þ.b. 4 sek. Virka forritunarvalmyndin verður sýnd með því að forritunar-ljósdíóða við funk-eininguna blikkar (1 Hz).
3. Þrýstið á prófunarhnapp reykskynjarans þangað til að ljósdíóða á funk-móttakaranum fer úr blikki í það að lýsa samfleytt.
4. Það slokknar sjálfkrafa á forritunarvalmyndinni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir að þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

## Stilling funk-sendis í funk-einingu

### Að gera staðbundna reykviðvarnir hljóðar

Við staðbundna viðvörun geta boð staðbundna reykskynjarans svo og áframsending viðvörunarboðsins til annarra reykskynjara verið gerð óvirk í u.þ.b. 10 mín. Til þess þarf að senda boð um hljóðlausavirkni úr funk-hand- eða veggsendi.

> ⚠ **Ráð**
>
> Viðvaranir (hvort sem það er þráðlaust eða ekki) sem áframsendast utanvert hafa meira forgang en staðbundin viðvörun. Ekki er hægt að gera þær hljóðlausar og verða sendar þrátt fyrir stilling á hljóðlaust er á.

Á þennan hátt stillið þið ráshnapp sendis gagnvart funk-einingunni:

1. Ræsið forritunarvalmynd funk-einingarinnar með því á þrýsta á forritunarhnappinn í u.þ.b. 4 sek. Eftir það blikkar (1 Hz) forritunar-ljósdíóðan í u.þ.b. 1 mín.
2. Sendið fjarskiptaboð með ráshnapp funk-sendisins. Þrýstið til þess á ráshnappinn í lengri tíma en 1 sek. (sjáið einnig notkunarleiðbeiningar funk-sendisins).
3. Funk-einingin lætur í ljós að samstillingin hefur tekist með því að ljósdíóða lýsir samfleytt.
4. Það slokknar sjálfkrafa á forritunarvalmyndinni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir að þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

Í hverju tilfelli er hins vegar aðeins hægt að stilla einn hand- eða veggsendir fyrir hvert sett. Til þess að stilla annan sendara inn á funk-eininguna þarf að fara úr lærivalmyndinni og hún virkt að nýju.

## Eyðing á öllum samstillingum

Sá möguleiki er fyrir hendi að eyða öllum samstillingum - funk-eininga eða funk-sendi- í funk-einingu. Með þessu er funk-einingin komin í það ástand sem hún var upprunalega í.

Til þess að eyða öllum samstillingum fylgið eftirfarandi:

1. Ræsið forritunarvalmynd funk-einingarinnar með því á þrýsta á forritunarhnappinn í u.þ.b. 4 sek. Eftir það blikkar (1 Hz) forritunar-ljósdíóðan í u.þ.b. 1 mín.
2. Þrýstið að nýju á foritunarhnappinn. Haldið forritunarhnappnum inni þar til blikk forritunar-ljósdíóðu breytist úr blikki í samfleytta lýsingu eftir u.þ.b. 10 sek.

Það slokknar samfleyttu lýsingunni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

## Virkniprófun

Til þess að prófa forritunina er hægt að kalla upp virkniprófun. Hjá virkri virkniprófun er merkjagjafi reykskynjarans stilltur á hljóðlaust.

### Að kveikja á virkniprófun

Til þess að kveikja á virkniprófun, þrýstið stutt á (< 4 sek.) forritunarhnappinn. Að virkniprófunin er virk er sjáanlegt með blikki (1 Hz) forritunar-ljósdíóðu.

### Prófun á móttöku funk-einingarinnar

Við virka virkniprófun er standslaust verið að prófa móttökuna. Ef viðvörunarboð er móttekið, ljómar forritunar-ljósdíóðan í 1 sek. Ef fleiri boð eru móttekin á þessari sekúndu, lengist lýsingstímabilið samsvarandi.

### Prófun á sendingarvirkni

Þrýstið á prófunarhnapp reykskynjarans við virka virkniprófun, til þess að senda viðvörunarboð.
Á meðan á sendingu þessara boða stendur blikkar forritunar-ljósdíóðan (2 Hz).

### Að ljúka virkniprófun

Það slokknar sjálfkrafa á virkniprófuninni eftir u.þ.b. 1 mín eða eftir að þrýst er stutt á forritunarhnappinn.

## Funk-útsending

Funk-útsending á sér stað á óeinangraðan sendingarhátt, þess vegna er ekki hægt að útiloka truflanir.
Funk-útsendingin er ekki hentug fyrir öryggisaðgerðir, t.d. neyðarstopp, neyðarkall.

Það svið sem funk-kerfi nær til er háð getu sendisins, móttökueiginleikum móttakarans, loftraka, festingarhæð og samsetningu hlutarins.

**Dæmi um gegnþrengingu efna:**

| Þurrt efni | Gegnþrenging |
|---|---|
| Tré, gifs, gifsplötur | u.þ.b. 90% |
| Múrsteinn, spónaplötur | u.þ.b. 70% |
| Styrkt steypa | u.þ.b. 30% |
| Málmur, málmgrind, álhúð | u.þ.b. 10% |
| Regn, snjór | u.þ.b. 0-40% |

## Ráð fyrir funk-notkun

- Samstilling fjarskiptakerfisins með öðrum samskiptanetum er aðeins leyfilegt innan ramma reglna viðkomandi lands.
- Ekki má nota fjarskiptakerfið til samskipta um lóðamörk.
- Við notkun í Þýskalandi þarf að auki að fara eftir leiðbeiningum sem eru í almennum hluta lögbirtingablaðs Vfg 73/2000.
- Við hefðbundna notkun á þessu tæki á kröfulýsing tilskipunar R&TTE (1999/5/EG) við. Yfirlýsing framleiðanda er hægt að finna á veraldarvefnum á: www.gira.de/konformitaet.

Reykskynjara með funk-einingu má nota í öllum ESB og EFTA löndum.

## Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Aflgjafi: | yfir 9 V rafhlaða reykskynjarans |
| Senditíðni: | 433,42 MHz, ASK |
| Sendisvið: | að jafnaði 100 m (í frjálsu sviði) |
| Svið hitastigs: | 0 °C til +55 °C |
| Tegund varnar: | IP 20 |

## Ábyrgð

Við veitum ábyrgð samkvæmt lagalegum ákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið burðargjaldslaust með lýsingu á bilun til miðlægrar þjónustumiðstöðvar okkar.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald